

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rannveigu Sigurgeirsdóttur um greiðslur vegna vinnslustöðvunar í hráefnisskortí.

1. Hversu mörg fyrirtæki hafa fengið greiðslur vegna vinnslustöðvunar í hráefnisskortí frá árinu 2013? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum.

Frá árinu 2013 hefur 121 fyrirtæki fengið greiðslur vegna vinnslustöðvunar á grundvelli laga nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Í meðfylgjandi töflu má sjá fjölda fyrirtækja sem fengu greitt í hverjum mánuði á umræddu tímabili. Fyrirtæki sækja jafnan um greiðslur á grundvelli fyrrnefndra laga oft en einu sinni á sama árinu. Auk þess kann tímabil vinnslustöðvunar að vara yfir mánaðamót.

Fjöldi Fyrirtækja	Jan	Feb	Mar	Apr	Mái	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
2013			28	20	27	13	27	9	16	21	26	26
2014	33	26	21	22	19	7		12	11	19	17	17
2015	37	9	26	13	12	11	5	17	9	9	17	19
2016	18	15	14	12	8	9	2	16	7	12	14	23
2017	40	49	32	17	12	8	8	9	6	14	17	18
2018	24	19	16	9	15	12	11	6	9	13	5	
2019	24	5	19	12	11	10	10		6	4	4	9
2020	10	11	19	13	9	2	2	6	6	6	4	2
2021	4	5	14	5	3	8	6	6	8	5	12	5
2022	15	12	13	6	16	7	8	14	9	9	18	4
2023	5	9	14	10	12	11	3	4	5	3		
Meðalfjöldi fyrirtækja	21	16	20	13	13	9	8	10	8	10	13	14

Heimild: Vinnumálastofnun.

2. Hvað hefur það að meðaltali tekið langan tíma að fá greiðslur vegna vinnslustöðvunar í hráefnisskortí frá árinu 2013? Svar óskast sundurliðað eftir þeim mánuðum sem umsóknir bárust í, þ.e. eftir umsóknum sem bárust í janúar öll árin, umsóknum sem bárust í febrúar o.s.frv.

Í meðfylgjandi töflu má sjá meðalafgreiðslutíma Vinnumálastofnunar á umsóknum um greiðslur vegna vinnslustöðvunar á grundvelli laga nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks, frá árinu 2013, greint eftir þeim mánuðum sem umsóknir bárust stofnuninni. Samkvæmt 2. gr. laganna hafa fiskvinnslufyrirtæki allt að þrjú mánuði frá því að vinnslustöðvun hefur verið tilkynnt til Vinnumálastofnunar til afhenda stofnuninni tilskilin gögn er vinnslustöðvunina varðar, svo sem tímaskýrslur og launaseðla, áður en réttur fyrirtækisins til greiðslna fellur niður. Upplýsingar um það hve langur tími leið að meðaltali frá því að öll nauðsynleg gögn bárust Vinnumálastofnun og þar til greiðsla til fiskvinnslufyrirtækis var innt af hendi liggja ekki fyrir.

Afgreiðslutími	Jan	Feb	Mar	Apr	Mái	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
2013			46	53	50	46	57	65	77	64	46	70
2014	84	47	38	42	42	43		111	35	52	55	75
2015	47	24	60	34	37	46	48	79	50	33	41	41
2016	41	61	56	56	45	46	19	69	45	57	36	28
2017	35	26	32	44	42	19	59	91	67	32	38	34
2018	36	37	35	57	63	47	41	103	80	81	47	
2019	65	58	49	83	47	26	41		86	101	60	65
2020	73	54	64	59	85	89	103	142	175	190	131	83
2021	90	190	125	150	166	199	208	209	192	214	221	176
2022	161	119	140	163	175	171	122	223	223	240	246	211
2023	268	177	102	132	84	56	36	152	84	28		
Meðalfjöldi daga	90	79	68	79	76	72	73	124	101	99	92	87

Heimild: Vinnumálastofnun.